

Byggðamálaráð

Fundargerð 1. fundar byggðamálaráðs

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 2. október 2018 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs
2. Byggðaaætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd
3. Framkvæmd byggðaaætlunar 2014-2017
4. Önnur mál
 - a. Næstu fundir ráðsins

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Ragnhildur Hjaltadóttir, Hermann Sæmundsson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði í september sl. byggðamálaráð skv. 2. gr. a. laga nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, sbr. 8. gr. laga nr. 53/2018 um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála.

Ráðið er þannig skipað:

- Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,
- Ingveldur Ása Konráðsdóttir, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,
- Karl Björnsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga,
- Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar,
- Hanna Dóra Hólm Másdóttir, fulltrúi skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála.

Verkefnisstjóri byggðamálaráðs er Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála. Þá munu aðstoðarmenn ráðherra og skrifstofustjóri skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála starfa með ráðinu eftir atvikum.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri fór yfir aðdraganda að nýrri lagasetningu sem samþykkt var á Alþingi í júní sl. og felur meðal annars í sér skipan byggðamálaráðs. Markmiðið er að samræma stefnur og áætlanir ráðuneytisins á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála, samgangna og fjarskipta og stuðla þannig að bættum árangri og jákvæðum áhrifum stefnumörkunar. Stefnt er að því að móta sameiginlega framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir þessi málaefnasvið.

Tilgangurinn með nýju lögunum er annars vegar að aðlaga vinnubrögð og aðferðafræði við gerð áætlana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að nýrri hugsun samhæfðrar og samþættrar stefnumótunar og áætlanagerðar og hins vegar að samhæfa stefnumótun og áætlanagerð við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

Byggðamálaráð

Hlutverk byggðamálaráðs er samkvæmt lögum að gera tillögu til ráðherra að byggðaaætlun til fimmtán ára og aðgerðaaætlana til fimm ára, að fengnum áherslum ráðherra.

Ákveðið að kalla eftir áherslum ráðherra á sviði byggðamála fyrir næsta fund ráðsins.

2. Byggðaaætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd

Stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 var samþykkt á Alþingi í júní sl. Hólmfríður fór yfir stöðu á framkvæmd nýrrar byggðaaætlunar sem felur í sér 54 aðgerðir sem eru á ábyrgð ýmissa ráðuneyta.

3. Framkvæmd byggðaaætlunar 2014-2017

Samkvæmt lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun gefur ráðherra Alþingi árlega skýrslu um framvindu byggðaaætlunar. Hólmfríður greindi frá því að verið er að leggja lokahönd á skýrslu um framvindu stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2014-2017. Í skýrslunni er lýst framvindu einstakra aðgerða en ekki lagt heildstætt mat á árangurinn.

Rætt var um að með nýrri byggðaaætlun og breyttu laga- og starfsumhverfi verði viðhöfð önnur aðferðafræði við gerð framvinduskýrslna í framtíðinni.

4. Önnur mál

a) *Næstu fundir ráðsins.*

Formaður lagði til að byggðamálaráð myndi funda mánaðarlega. Næstu fundir voru ákveðnir miðvikudaginn 31. október kl. 11.00-12.30 og fimmtudaginn 6. desember kl. 13.00-14.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.